

framkvæmdastjóri Hafrannsóknastofnunarinnar, fulltrúi frá Háskóla Íslands, orku-
málastjóri, skipulagsstjóri, skógræktarstjóri, vegamálastjóri, veiðimálastjóri, þjóð-
minjavörður, fulltrúi frá mennamálaráðuneytinu, forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits
ríkisins, framkvæmdastjóri Náttúruverndarráðs, vita- og hafnarmálastjóri, forstöðu-
maður Vinnueftirlits ríkisins og Rafmagnseftirlitsstjóri ríkisins.

3. gr.

Náttúruverndarráð boðar þingið, undirbýr dagskrá þess og leggur fyrir það skýrslu um
störf sín. Formaður ráðsins setur þingið og stýrir því, uns það hefur kosið forseta. Þingið
setur sér þingsköp.

Seta á náttúruverndarþingi er ólaunuð, en hlutaðeigandi aðilar greiða kostnað fulltrúa.
Annar nauðsynlegur kostnaður af þinghaldinu greiðist úr ríkissjóði samkvæmt úrskurði
ráðherra.

4. gr.

Náttúruverndarráð er skipað sjö mönnum. Sex þeirra kys náttúruverndarþing óbund-
inni kosningu, að undanskildum fulltrúum í 6. lið 2. gr. Hinn sjöunda skipar
menntamálaráðherra, áður en kosning fer fram, og er hann formaður ráðsins. Varamenn
skulu valdir jafnmargir á sama hátt til sama tíma.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd og öðlast
þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 154/1981 um náttúruverndarþing.

Menntamálaráðuneytið, 14. mars 1984.

F. h. r.

Knútur Hallsson.

Runólfur Þórarinnsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Húsavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Húsavíkur selur afnot hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða
verða gerð í Húsavík og Reykjahreppi eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari,
sbr. og reglugerð staðfesta 25. maí 1970 um hitaveitu og hitalagnir í Húsavík.

2. gr.

Hitaveita Húsavíkur lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té
vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að
dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis
og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatns hemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

	kr.
A. Fastagjald á mánuði fyrir hvern aðalhemil	89.10
B. Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mínútúlitra í hámarksstillingu hemils ...	203.00
C. Vatnsgjald pr. m ³	12.80

Á gjöld þessi leggst söluskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

5. gr.

Vilji notandi fá meira rennsli í kranalögn en er á miðstöðvarkerfi getur hann fengið sérskammtara á kranavatnslögn hjá hitaveitunni. Kranavatnsskammtarar í sambandi við aðalhemil eru af 4 gerðum og gefa þeir eftirfarandi rennslishlutföll milli miðstöðvarkerfis og kranavatnslagnar:

A	1.00/1.0
B	0.95/1.3
C	0.90/1.7
D	0.85/2.8

Vatnsskammtur notanda (gjaldskammtur) er í þessu tilvikum reiknaður 1.0.

6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín annan hvern mánuð og skulu þau greiðast til innheimtumanns eða í Landsbanka Íslands, Húsavík. Gjaldldagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 7 daga frá gjaldldaga.

III. KAFLI

7. gr.

Heimædagjald Hitaveitu Húsavíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimaæð.

a) Fyrir hús, sem hafa olíu-, kola- eða rafmagnskynditæki fyrir 1. október 1970.

	kr.
Hús allt að 300 m ³ að utanmáli	19 300,00
Hús 300—2 000 m ³ að utanmáli:	
fyrir 300 m ³	19 300,00
og á hvern rúmmetra þar yfir	21,60
Hús stærri en 2 000 m ³ að utanmáli:	
fyrir 2 000 m ³	56 100,00
og á hvern rúmmetra þar yfir	16,10

b) Fyrir önnur hús.

Hús allt að 300 m ³ að utanmáli	27 800,00
--	-----------

Hús 300—2 000 m ³ að utanmáli:	
---	--

fyrir 300 m ³	27 800,00
--------------------------------	-----------

og á hvern rúmmetra þar yfir	25,10
------------------------------------	-------

Hús stærri en 2 000 m ³ að utanmáli:	
---	--

fyrir 2 000 m ³	70 500,00
----------------------------------	-----------

og á hvern rúmmetra þar yfir	21,60
------------------------------------	-------

Stofngjald fyrir hvern aðalrennslisheilmil umfram einn á sama inntaki er .	2 950,00
--	----------

- c) Sé um óupphitað rými að ræða í atvinnuhúsnæði, svo sem vöruskemmmum og því um líku, skal heimæðargjald einungis reiknað af því rými er hita skal þó sé lágmarksgjald tekið samkvæmt 300 fermetra húsnæði. Verði hið upphitaða rými síðar stækkað þá komi til full gjaldtaka af þeirri aukningu.

8. gr.

Gjöld skv. 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

IV. KAFLI

9. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem heypurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

10. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveita Húsavíkur hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný, greiðir sá sem í vanskilum er ... kr. 161,00 í hvert skipti.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Húsavíkur skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirætlum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi 1. apríl 1984 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 680 5. september 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 22. mars 1984.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.